

Samantekt á aðdraganda og leiðarsteinum  
við könnun og síðar samningaferli á  
kostum þess að taka upp Hjallastefnu í  
skólunum á Skagaströnd 2013-2014.

# Hjallastefna

og skólarnir á Skagaströnd

Magnús B. Jónsson/ Halldór G. Ólafsson

---

## Skoðun á kostum þess að taka Hjallastefnuna upp á Skagaströnd

---

### Skipun starfshóps 20. júní 2013

Í framhaldi af umræðu um úttekt á hagkvæmni og rekstri grunn- og leikskóla var á fundi sveitarstjórnar 20. júní 2013 svohljóðandi bókun gerð:

Sveitarstjórn samþykkir að setja á starfshóp um málefni grunn- og leikskóla. Verkefni hópsins er að meta stöðu skólanna faglega, aðbúnaðar- og rekstrarlega auk þess að taka til skoðunar hagkvæmni þess að sameina skólanna. Leitað verður ráðgjafar og aðstoðar frá aðilum sem veita þjónustu á sviði þessara málaflokka.

Starfshópin skipa: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson og Péturína Jakobsdóttir. Sveitarstjóri er starfsmaður hópsins. Starfshópnum er ætlað að skila áfangaskýrslu til sveitarstjórnar fyrir 15. október 2013.

Skólastjórar grunn- og leikskóla, fræðslustjóri, formaður skólanefndar auk formanna foreldrafélaga skólanna skipa samráðshóp vegna verkefnisins.

### Fyrsti fundur starfshóps 27. ágúst 2013

Fyrsti fundur nefndarinnar var haldinn 27. ágúst 2013.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Magnús B. Jónsson og Guðjón Ólafsson fræðslustjóri

Þar var niðurstaða fundarins bókuð svohljóðandi:

Niðurstaða fundarins um næstu skref

- Að leita upplýsinga hjá Námsmatsstofnun um hvort hún geti lagt faglegt mat á skólastarf á Skagaströnd
- Að óska eftir við skólastjórnendur að þeir leggi mat á aðbúnað skóla sinna.
- Fræðslustjóri mun yfirfara kennslustundafjölda í grunnskóla og gera samanburð á starfsmannafjölda og nemendafjölda í leikskóla mtt. barngilda.
- Sveitarstjóra falið að ræða við Margréti Pálu um að koma og halda kynningarfund á Hjallastefnunni.

### Íbúafundur um skólamál - 19. sept 2013

Íbúafundur var boðaður fimmtudaginn 19. september kl. 17.30-19.30, í félagsheimilinu Fellsborg. Margrét Pála Ólafsdóttir, fræðslustjóri Hjallastefnunnar mætti á fundinn og hélt fyrirlestur um Hjallastefnuna þar sem sérstaklega var horft til hvað Hjallastefnan gæti gert fyrir Skagaströnd. Eftir fyrirlesturinn voru fyrirspurnir og umræður. Íbúafundurinn var vel sóttur og hinn líflegasti í alla staði.

## Annar fundur starfshóps 30. september 2013

Mánudaginn 30. september kl 17.00 var haldinn vinnufundur nefndar um fræðslumál sem skipuð var af sveitarstjórn Skagastrandar 20. júní 2013.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Magnús B. Jónsson, Guðjón E. Ólafsson fræðslustjóri, Birna Sveinsdóttir formaður fræðslunefndar, Hildur Ingólfssdóttir skólastjóri Höfðaskóla og Þórunn Bernóðusdóttir, leikskólastjóri Barnabóls.

Einn dagskrárliður fundarins var Hjallastefnan, kostir og gallar. Líflegar umræður urðu um kosti og galla við Hjallastefnuna og hvort hún myndi henta fyrir skólana á Skagaströnd. Fram kom að með einhverjum hætti þurfi að veita svör – ljúka umræðu um hvort áfram verði unnið með Hjallastefnuna.

## Áfangaskýrsla 16.okt 2013

Starfshópur um málefni grunn-og leikskóla gaf út áfangsskýrslu um fræðslumál og var skýrslan tekin fyrir á fundi sveitarstjórnar 16. október 2013 þar sem bókað var vegna málsins:

### 2. fundur nefndar um skólamál

*Fyrir fundinum lá minnisblað um fund nefndarinnar 30. september 2013. Fyrir fundinum lá einnig áfangaskýrsla nefndarinnar um málið þar sem fram kemur staða á vinnu nefndarinnar og næstu skref. Samþykkt að birta skýrsluna á heimasíðu sveitarfélagsins.*

Í skýrslunni er fjallað um Hjallastefnuna og þar kemur eftirfarandi fram um niðurstöðu og umfjöllun nefndarinnar um það:

### Hjallastefna

*Í umræðum um skólastarf á Skagaströnd kom fram að áhugavert væri að kynna sér aðrar leiðir í skólastarfi. Samþykkt var að óska eftir því við Margréti Pálu Ólafsdóttir fræðslustjóra Hjallastefnunnar að hún héldi kynningarfund fyrir íbúa Skagastrandar. Var boðað til íbúafundar 19. september s.l. Góð mæting var á fundinn og kynnti Margrét Pála þar hvað Hjallastefnan gæti gert fyrir Skagaströnd. Það er mat starfshópsins að margt áhugavert sé að finna í starfi og stefnu Hjallastefnunnar sem gæti styrkt skólastarf á Skagaströnd. Það er líka mat hópsins að margir foreldrar hafi áhuga á að Hjallastefnan verði innleidd á Skagaströnd. Skólastjórnendur hafa hinsvegar efasemdir um ákveðna hluta stefnunnar, þótt margt sé þar áhugavert. Starfshópurinn vill skoða þetta mál frekar m.a. með samtölum við skólafólk og sveitarstjórn Tálknafjarðar sem innleitt hefur Hjallastefnuna þar í bæ. Einnig með viðræðum við Margréti Pálu þar sem aflað verði frekari upplýsinga um m.a. kjaramál*

*kennara og kostnað sveitarfélagsins ef ákveðið yrði að taka upp þessa skólastefnu. Ef frekari vinna og upplýsingaöflun skilar jákvæðum niðurstöðum telur starfshópurinn rétt að kalla eftir skoðunum foreldra og starfsmann skólans á upptöku Hjallastefnunnar.*

#### **Fræðslunefndarfundur 08.01.14**

Miðvikudaginn 8. janúar 2014, var fundur haldinn í fræðslunefnd Skagastrandar kl. 16:30 í Fellsborg

Á fundinum voru mætt: Birna Sveinsdóttir, Aðalheiður Árnadóttir, Svenný Hallbjörnsdóttir, Signý Richter, Björn Hallbjörnsson, Magnús B. Jónsson, sveitarstjóri og Guðjón Ólafsson fræðslustjóri.

Undir dagskrárliðum 1 og 2 mættu: Þórunn Bernódusdóttir, Sesselja Guðmundsdóttir og Vigdís Elva Þorgeirsdóttir.

Undir dagskrárlið 2 og 3 mættu: Hildur Ingólfssdóttir, Erna Hreinsdóttir og Inga Rós Sævarsdóttir

#### Áfangaskýrsla starfshóps um málefni leik- og grunnskóla

Fyrir fundinum lá áfangaskýrsla starfshópsins dags. 16. október 2013. Í skýrslunni er m.a. fjallað um mat á starfi, aðbúnaði og rekstri leik- og grunnskóla ásamt sameiningu skólastiganna. Þá kemur fram í skýrslunni að áhugi starfshópsins beinist m.a. að því að skoða hvaða kostir geti falist í að gera samning við Hjallastefnuna um að taka að sér starfsemi skólanna. Umræður urðu um málið og komu m.a. fram spurningar um hvort samráð yrði ekki haft við hlutaðeigandi við skóla og leikskóla þegar frekari stefna verði mótuð.

#### **Fundur sveitarstjóra og oddvita með fulltrúum Hjallastefnu, 14. janúar 2014**

Oddviti og sveitarstjóri áttu fund með Margræti Pálu Ólafsdóttur fræðslustjóra og Áslaugu Huldu Jónsdóttur framkvæmdastjóra Hjallastefnunnar. Tilfni fundarins var að ræða hvort einhver vilji eða geta verið hjá Hjallastefnu til að koma inn í skólamál á Skagaströnd. Á fundinum kom fram að Hjallastefnan hefur ærin verkefni og stendur fjárhagslega vel en MPÓ þótti hugmyndin áhugaverð og sagði Hjallastefnuna vera til í að skoða málið með heimamönnum ef áhugi og samstaða væri fyrir hendi.

### **Fundur í Bifröst 03. febrúar 2014**

Mætt: Adolf H. Berndsen, Magnús B. Jónsson, Jensína Lýðsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Halldór G. Ólafsson, Birna Sveinsdóttir og Margrét Pála Ólafsdóttir.

Efni fundarins: Umræður og kynning á forsendum hugsanlegs samstarfs milli Sveitarfélagsins Skagastrandar og Hjallastefnu

### **Sveitarstjórn 05. febrúar 2014**

Mætt: Adolf H. Berndsen, Magnús B. Jónsson, Jensína Lýðsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Halldór G. Ólafsson.

Undir liðnum staða og horfur í fræðslumálum var eftirfarandi bókað:

Sveitastjórn ræddi niðurstöður vinnufundar sem hún átti með fulltrúum Hjallastefnunnar mánudaginn 3. Febrúar. Sveitarstjórnin samþykkti svohljóðandi bókun: Sveitarstjórn samþykkir að hefja undirbúning að viljayfirlýsingu milli sveitarfélagsins og Hjallastefnunnar um samstarf um leikskóla og síðar grunnskóla. Áður en frekari skref verði stigin í þá átt verði áhugi sveitarstjórnar á því samstarfi kynntur og haft samráð við fræðslustjóra, skólastjórnendur, fræðslunefnd og fulltrúa foreldra og starfsmanna skólanna. Sömuleiðis verði haft samráð við forsvarsmenn Skagabyggðar. Samþykkt að boða til samráðsfundar nk. föstudag 7. febrúar.

### **Kynningarfundur í Bjarmanesi 7. febrúar 2014**

Á kynningarfund um fræðslumál þar sem Hjallastefna var sérstaklega til umfjöllunar voru mætt: Sveitarstjórn, fræðslunefnd, stjórnendur skóla, og leikskóla, fulltrúar starfsmanna, foreldrafélaga og fræðslustjóri.

Sveitarstjórn kynnti ferli málsins fyrir fræðslunefnd, fræðslustjóra, skólastjórnendum, fulltrúum foreldra, starfsmanna og fulltrúum Skagabyggðar. Á fundinum var farið yfir forsögu hugmynda um að Hjallastefna verði tekin upp á Skagaströnd og rætt um hvaða áhrif slík breyting hefði á skólasamfélagið. Mismunandi skoðanir komu fram á fundinum um ágæti þess að setja skólastarfið í nýjan farveg.

### **Fundur um Hjallastefnu í skóla og leikskóla 24. febrúar 2014**

Fulltrúar Hjallastefnu héldu fundi með starfsmönnum grunn- og leikskóla þar sem leitast var við að skýra út á hvað breyting yfir í Hjallastefnum myndi tákna. Margrétar Pála ásamt Matthíasi hittu starfsmenn grunnskóla og Margrét Pála ásamt Ölfu og Línu frá Hólmasól hittu starfsmenn leikskóla.

Síðdegis var fundur í Fellsborg þar sem málið var enn reifað með fulltrúum fræðslunefndar, starfsmanna og foreldra. Oddviti Skagabyggðar mætti einnig á fundinn.

Um kvöldið fóru fulltrúar Hjallastefnu yfir með sveitarstjórn hvernig þau hefðu upplifað og metið stöðuna. Viljayfirlýsing sem hafði verið undirbúin til að móta skýran vilja til áframhaldandi samstarfs var ekki undirrituð en ákveðið að bíða aðeins og sjá hvernig mál þróuðust.

### **Fundir sveitarstjórnar með starfsfólki skólastofnana 26. febrúar 2014**

Sveitarstjórn átti fundi með starfsfólki grunnskólans annarsvegar og leikskólans hins vegar. Á báðum fundum fóru fram skoðanaskipti um málið, feril þess og framgang.

Á fundi með grunnskólastarismönnum var helsta niðurstaðan að starfsmenn töldu sig þurfa að skoða t.d. Tálknafjarðarskóla til að geta betur metið kosti og galla á að setja skólann inn í Hjallastefnu.

Á fundi með leikskólastarismönnum kom m.a. fram að leikskólinn hafi að undanförunu nýtt sér margt úr hugmyndafræði Hjalla og að því leyti væri áhugi fyrir að taka upp Hjallastefnuna. Ákveðið að starfsmenn færu í heimsókn á Hólmasól á Akureyri til að kynna sér starf þar.

### **Fundir starfsmanna skóla og leikskóla í mars**

Hjallastefnumál voru til umræðu á kennara og starfsmannafundum beggja skólanna. Á fundum starfsmanna grunnskóla var rætt um Tálknafjarðarferð og hver sé staða starfsmanna ef Hjallastefnan tæki við rekstri skólans.

Á fundum starfsmanna leikskólans var farið yfir hvernig heimsóknir á Hólmasól hafi tekist og almenn ánægja með þær heimsóknir. Starfsmenn almennt komnir á þá skoðun að breytingin muni verða og mestu skipti að að hver og einn skoði sína stöðu. Andinn á Barnabóli frekar með Hjallastefnu en móti.

### **Sveitarstjórn 25.mars 2014**

Þriðjudaginn 25. mars 2014 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson og Magnús B. Jónsson.

Á dagskrá fundarins voru fræðslumál þar sem Hjallastefnan var m.a. til umfjöllunar. Þar var þetta bókað:

## Samstarf við Hjallastefnu

Fyrir fundinum lá tillaga að viljayfirlýsingu við Hjallastefnuna ehf. ásamt minnisblaðisem sveitarstjóri hafði samið um stöðu og horfur varðandi Hjallastefnu á Skagaströnd.

Í minnisblaðinu kom m.a. fram:

Frá því sveitarstjórn átti fund með starfsmönnum leikskólans hafa þeir farið í heimsókn á leikskólann Hólmasól á Akureyri. Eftir þau kynni taka starfsmenn hugmyndum um að taka upp Hjallastefnu á jákvæðan hátt. Nokkrum spurningum hefur þó ekki verið að fullu svarað. Í viljayfirlýsingu er því stefnt að samstarfi og samningi við Hjallastefnuna ehf um leikskólann Barnaból.

Eftir að Hjallastefnufólk hafði farið yfir hvort samið yrði um rekstur Hjallastefnugrunnskóla á Skagaströnd var það niðurstaða stjórnar Hjallastefnu að móta frekari hugmyndir um hvort og hvernig samstarf eða samningur verði um grunnskólann áður en ákvörðun verði tekin í þá veru.

Viljayfirlýsing:

Fyrir fundinum lá tillaga að viljayfirlýsingu um samstarf Hjallastefnu og sveitarfélagsins Skagastrandar. Í viljayfirlýsingunni kemur m.a. fram að gerður verði samningur um rekstur leikskólans á miðju ári 2014 og að skoðað verði með starfsfólki og foreldrum skólaárið 2014-2015 hvort grundvöllur sé til að hefja formlegt samstarf um grunnskólann.

Sveitarstjórn yfirfór viljayfirlýsinguna en hún var síðan samþykkt samhljóða.

### **Kynningarfundur á vegum foreldrafélaga skólanna 31. mars 2014**

Foreldrafélög skólanna stóðu fyrir kynningarfundi fyrir foreldra á Skagaströnd. Margrét Pála ásamt „Hjalla“ foreldrum og „Hjalla“ skólastjórnendum voru með kynningu á fundinum og sátu fyrir svörum.

### **Fundur sveitarstjórnar með fulltrúum Hjallastefnu 31. mars 2014**

Á fundi sem sveitarstjórn átti með fulltrúum Hjallastefnunnar í framhaldi af kynningarfundi foreldrafélaganna var undirrituð viljayfirlýsing um samstarf:

## VILJAYFIRLÝSING UM SAMSTARF HJALLASTEFNU OG SVEITARFÉLASINS SKAGASTRANDAR

---

Undirrituð fyrir hönd Sveitarfélagsins Skagastrandar, kt. 650169-6039 annarsvegar og Hjallastefnunnar ehf., kt. 540599-2039 hins vegar gera með sér svohljóðandi viljayfirlýsingu:

Aðilar eru sammála um að gera samkomulag um samstarf í skólamálum á Skagaströnd og hafa jafnframt sameiginlega sýn á að eftirfarandi skref verði stigin til að koma á formlegum samningum um fyrirkomulag samstarfsins á Skagaströnd.

### **Um leikskóla:**

Aðilar eru sammála um að frá og með dagsetningu undirritunar viljayfirlýsingar þessarar hefjist Hjallastefnan handa við undibúning þess að gerður verði bindandi samningur um rekstur leikskólans Barnabóls á Skagaströnd. Samkomulag er um eftirfarandi skref:

- a) Stefnt skuli að því Hjallastefna taki við rekstri leikskóla frá miðju ári 2014
- b) Í apríl 2014 verði undirritaður samingur um leikskólann og þar með hefji Hjallastefnan aðlögun að breytingu í fagstarfi leikskólans sem væri m.a. fólgið í komu „gestakennara“ frá Hjallastefnuskólanum á Akureyri. Sömuleiðis færi starfsfólk frá Skagaströnd á Akureyri til að kynnast starfsemi Hjallstefnuleikskóla.
- c) Stefnt skuli að því að Hjallastefnan taki við mannaforráðum í leikskólanum 1. júní 2014. Fyrir þann tíma hafi fulltrúar Hjallastefnu farið yfir mönnun og starfsmannahald sem leiði af sér:
  - a. Uppsagnir starfsmanna af hálfu sveitarfélagsins.
  - b. Tilboði Hjallastefnunnar um endurráðningu á ekki lakari kjörum en viðkomandi hefur haft í sambærilegu starfi ef samkomulag næst um vinnutíma, starfshlutfall og sátt um starf á forsendum Hjallastefnunnar.
- d) Sveitarfélagið Skagaströnd muni gefa út nýtt starfsleyfi til Hjallastefnu 1. ágúst 2014 fyrir sjálfstætt starfandi leikskóla.

### **Um grunnskóla:**

Aðilar eru sammála um að hefja samstarf um þróun grunnskólans í átt að Hjallastefnu og að skoðað verði með starfsfólki og foreldrum á skólaárinu 2014-2015 hvort grundvöllur er til að hefja formlegt samstarf eða gera samning um rekstur grunnskólans.

Sá fyrirvari er gerður af hálfu beggja aðila að fjárhagslegt samkomulag náist og sameiginleg sýn á endanlegt fyrirkomulag og rekstur skólanna.



### **Fundur sveitarstjóra með starfsmönnum leikskóla 4. apríl 2014**

Sveitarstjóri átti fund með starfsmönnum leikskólans þar sem var farið yfir undirbúning að því að fulltrúar Hjallastefnu tækju starfsmannaviðtöl með það að markmiði að kanna hvort starfsmenn hygðust starfa áfram undir Hjallastefnu. Á þeim fundum kom fram að flestir starfsmenn eru mjög jákvæðir fyrir að skoða áframhaldandi starf undir merkjum Hjallastefnu. Sveitarstjóri greindi frá því að hann teldi uppsögn ekki þurfa að fara fram ef hver og einn sættist á „yfirtöku“ Hjallastefnu á ráðningarsamningi.

### **Foreldrafélög leggja spurningakönnun fyrir foreldra 8.04.14**

Í lok apríl lögðu foreldrafélög Barnabóls og Höfðaskóla könnun fyrir foreldra. Þar var spurt um viðhorf til skólastarfsins eins og það er núna, hvort fólk vilji sjá breytingar og afstöðu þess til Hjallastefnunnar í skólunum. Alls bárust 65 svör sem eru um helmingssvörun og reyndist mikill meirihluti foreldra leikskólabarna vilja Hjallastefnuna inn í leikskólann eða 66.7 % , 7.1% var hlutlaus en 26.2% voru andvígir hugmyndinni. Sama könnun á grunnskólastigi sýndi að 54.3% kusu Hjallastefnuna, 13.5% voru hlutlausir og 32.2% voru andvígir slíkri breytingu. Foreldrafélögin höfðu þann fyrirvara á að könnunin væri ekki fyllilega „örugg“ þar sem hægt hafi verið að kjósa oftár en einu sinni úr hverri tölvu.

### **Viðtöl við starfsmenn leikskóla**

Í aprílmánuði voru talsverð samskipti milli leikskólans, Hjallastefnunnar og sveitarstjóra þar sem leitast var við að finna heppilegan tíma til að starfsviðtöl við starfsfólk leikskólans Barnabóls gætu farið fram. Tilgangur starfsviðtálanna var að kanna hug og samstarfsvilja milli starfsmanna og Hjallastefnu. Ekki tókst að finna tíma sem báðum hentaði og því dróst að ákveða dagsetningu fram í maí. Þegar dagsetning var svo komin 19. maí, til starfsviðtala, var orðinn órói vegna sveitarstjórnarkosninganna 31. maí og Hjallastefnan taldi ráðlegast að fresta frekari umfjöllun þar til ný sveitarstjórn hefði tekið við.

### **Fundur sveitarstjórnar 19. maí 2014**

Mánudaginn 19. maí 2014 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Baldur Magnússon, Jensína Lýðsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson og Magnús B. Jónsson.

Fyrir fundinum lá m.a. bréf Margrétar Pálu Ólafsdóttur, dags. 16. maí 2014 Með bréfinu þakkar Margrét Pála bæði sveitarstjórn, skólafólki og foreldrum á Skagaströnd fyrir umræður um skólamál á liðnum vetri og einnig fyrir þann áhuga sem fjölmargir aðilar hafa sýnt á samstarfi við Hjallastefnuna. Með vísan til þess að kosningar standa fyrir dyrum í sveitarfélaginu telji hún mikilvægt að ný sveitarstjórn hafi frjálssar hendur um málefni skólasamfélagsins á næstu fjórum árum. Því telji hún rétt að Hjallastefnan dragi sig í hlé og óskar öllu skólasamfélaginu gæfu og gengis.

Fylgiskjal með bréfi Margrétar Pálu var bréf með niðurstöðum skoðanakönnunar sem foreldrafélög leikskóla og grunnskóla létu gera. Þar kemur fram að meirihluti foreldra leikskólabarna vilja Hjallastefnuna inn í leikskólann.

Sveitarstjórn lýsti vonbrigðum með að ekki hefði tekist að ljúka samningagerð við Hjallastefnuna en fram kom að í ljósi þess hve skammt er til sveitarstjórnarkosninga er sveitarstjórn sammála því sjónarmiði að réttara sé að ný sveitarstjórn taki ákvörðun um slíkan samning.

Sveitarstjórn lýsti sérstakri ánægju með framtakssemi og dugnað foreldrafélaga skólanna við gerð skoðanakönnunar meðal foreldra.

Samþykkt að fela sveitarstjóra að taka saman greinargerð um feril Hjallastefnumálsins og senda sveitarstjórn.

Skagaströnd, 20. maí 2014

MBJ /HGÓ